

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar, nr. 252/2022.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. samþykktarinnar:

- a. 1. mgr. B-liðar I-liðar um félagsmálanefnd fellur brott.
- b. 2. mgr. B-liðar I-liðar um fræðslunefnd fellur brott.
- c. 4. mgr. B-liðar I-liðar um íþrótt- og tómstundanevnd fellur brott.
- d. Við B-lið I-liðar bætist ný málsgrein, svohljóðandi: *Fjölskyldunefnd*. Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í fjölskyldunefnd. Nefndin mótar stefnu sveitarfélagsins í velferðarþjónustu s.s. félags- og öldrunarmálum, málefnum fatlaðs fólks og í jafnréttismálum. Nefndin fer með verkefni yfirstjórnar barnaverndarþjónustu skv. 12. gr., sbr. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Jafnframt annast hún stefnumótun í fræðslu- og menntamálum og vinnur að samhæfingu skólstarfs í Fjarðabyggð. Hún annast stefnumótun í íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsmálum og stuðlar að virku íþrótt- og æskulýðsstarfi og virkjar félagsauðinn í sveitarfélaginu. Nefndin skal taka ákvarðanir og gera tillögur til bæjarráðs um málefni á verksviði sínu. Jafnframt hefur nefndin eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun á verksviði nefndarinnar sé fylgt. Þá fer nefndin með önnur þau verkefni sem bæjarráð ákveður.
- e. Við 1. tl. D-liðar I-liðar um ungmennaráð bætist ný setning, svohljóðandi: Fundargerðir ungmennaráðs skulu lagðar fyrir fjölskyldunefnd áður en þær fá fullnaðarafgreiðslu í bæjarstjórn.
- f. Hvar sem „félagsmálanefnd“ kemur fyrir í 3. tl. D-liðar I-liðar um öldungaráð, kemur í viðeigandi beygingarfalli: fjölskyldunefnd.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðaukum við samþykktina:

- a. Viðauki 1.2 um íþrótt- og tómstundanevnd fellur brott, og breytast númer annarra viðauka sem á eftir koma samkvæmt því.
- b. Viðauki 1.3, sem verður viðauki 1.2., breytist og er birtur með samþykkt þessari. Verður heiti hans: **Fjölskyldunefnd**.
- c. Heiti viðauka 1.7 breytist og verður: **Byggingar- og skipulagsfulltrúi**. Hvar sem „skipulags- og umhverfisfulltrúi“ kemur fyrir í viðaukanum, kemur í viðeigandi beygingarfalli: byggingar- og skipulagsfulltrúi.
- d. Heiti viðauka 1.9 breytist og verður: **Sviðsstjóri skipulags- og framkvæmdasviðs**. Hvar sem „sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs“ kemur fyrir í viðaukanum, kemur í viðeigandi beygingarfalli: sviðsstjóri skipulags- og framkvæmdasviðs.

3. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Fjarðabyggðar hefur sett samkvæmt 9. gr. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 27. mars 2024.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Ólöf Sunna Jónsdóttir.

VIÐAUKI 1.2
Fjölskyldunefnd.

1. gr.

Lögbundnar fullnaðarákvarðanir fjölskyldunefnd eru eftirfarandi:

Í samræmi við ákvæði laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, sbr. einnig ákvæði laga um húsaleigubætur nr. 138/1997, eru ákvarðanir fjölskyldunefndar varðandi réttindi og skyldur skjólstæðinga nefndarinnar fullnaðarákvarðanir.

Fjölskyldunefnd afgreiðir, án staðfestingar bæjarstjórnar eða bæjarráðs, eftirtalin verkefni samkvæmt heimild í 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 57. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Fjarðabyggðar:

- a. Afgreiðsla og ákvarðanir um styrki, fyrirgreiðslu og liðveislu til einstaklinga, samkvæmt reglum staðfestum af bæjarstjórn.
- b. Rekstrar- og þjónustusamninga við félög eldri borgara, enda séu þeir innan fjárheimilda nefndarinnar.
- c. Ákvarðanir um úthlutun styrkja til íþrótt- og æskulýðsmála, þ.m.t. samstarfssamninga með eins árs gildistíma, í samræmi við reglur staðfestar af bæjarstjórn og fjárhagsáætlun hvers árs.

Fjölskyldunefnd getur ávallt vísað afgreiðslu mála samkvæmt 3. mgr. til bæjarráðs og er skylt að vísa þeim til bæjarráðs, sé þess óskað af tveimur fulltrúum í nefndinni hið fæsta. Í slíkum tilfellum skal nefndin þó setja fram tillögu að afgreiðslu máls.

2. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu fjölskyldunefndar eða beri hann fram kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska eftir endurupptöku máls í bæjarráði, sbr. 24. gr. stjórnisýslulaga, eftir því sem við á. Telji bæjarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal fjölskyldunefnd taka málið upp að nýju.